

17.júní

Þjóðhátíðardagurinn í Reykjavík 2018



Inngangur

Viðburðateymi skrifstofu menningarmála sá um skipulag hátíðarhalda 17. júní í annað sinn í ár og nýtti reynslu frá því í fyrra við undirbúning. Eins og áður fer skipulagning fram í tvennu lagi í samráði við tvo mismunandi samráðshópa eða nefndir. Annars vegar fer fram morgunathöfn á Austurvelli á vegum ríkisstjórnarinnar og er sú athöfn skipulögð í samráði við Forsætisráðuneytið og Alþingi. Hins vegar fer fram fjölskylduskemmtun í Hljómskálagarði eftir hádegi og er sú skemmtun skipulögð af viðburðateymi MOF í samráði við ýmsa einstaklinga frá stofnunum borgarinnar. Byrjað var að funda með samráðshópum í mars og var fundað jafnt og þétt fram að hátíð.

Morgunathöfn

Samráðshópur um morgunathöfnina á Austurvelli samanstóð af;

- Ágúst Geir Ágústsson – skrifstofustjóri Forsætisráðuneytisins
- Ólöf Þórarinsdóttir – forstöðumaður rekstrar – og þjónustusviðs Alþingis
- Berglind Norðfjörð Gísladóttir – sérfræðingur í Forsætisráðuneytinu
- Helga Sigurðardóttir – stjórnarráðsfulltrúi í Forsætisráðuneytinu
- Starfsmenn viðburðateymis skrifstofu menningarmála

Fyrsti fundur var haldinn 1. mars þar sem farið var yfir greinagerð sl. árs, fundað var nokkuð reglulega fram að hátíð.

Ákveðið var að hátíðarathöfnin á Austurvelli yrði haldin með nokkuð hefðbundnum hætti en starfsmenn starfsmenn viðburðadeildar óskuðu eftir því við lögregluna að þróa frekar skref sem tekin voru árið 2017 þegar afgirt svæði Austurvellar var minnkað og gestum í þjóðbúningum veittur aðgangur að hátíðasvæðinu. Öryggismál voru rædd við lögreglu; hvort opna mætti svæðið enn frekar og sleppa að tjalda yfir boðsgesti, en það hefur þótt ýta undir neikvæða upplifun almennings af athöfninni.

Lögreglan mælti með að ákvörðun yrði tekin í vikunni fyrir hátíð. Þann 15. júní var haldinn fundur með lögreglu sem lagði til, að í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu mætti sleppa því að hafa tjald yfir boðsgestunum og að boðsgestir yrðu staðsettir á stéttinni vestan megin á Austurvelli, þannig væri hægt að hleypa almenningi nær athöfninni. Gafst þetta vel og þá sér í lagi vegna þess að það hélst þurrt fram yfir hádegi.

Boðsgestir utanríkisráðuneytis voru 176 og voru 53 einstaklingar í þjóðbúningum.

Nefndin lagði til að Sigrún Edda Björnsdóttir yrði fjallkona og að Linda Vilhjálmsdóttir semdi ávarpið.

Var tillagan samþykkt af forsætisráðherra.

Ákveðið var að einn kór syngji við athöfnina í stað tveggja eins og verið hefur undanfarin ár. Dömu-
kór Graduale Nobili varð fyrir valinu og atriðið. tókst vel.

Lúðrasveit verkalýðsins að spilaði við athöfnina og í sknúðgöngunni upp í Hólavallakirkjugarð.

Kransaberar komu frá Kvennaskólanum í Reykjavík og Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.

RÚV sýndi beint frá hátíðinni. Björn Emilsson stýrði útsendingu.

Allar tímasetningar héldu. Þjóðbúningagestir voru mættir á Austurvöll kl. 10.50, boðsgestir gengu úr
Dómkirkjunni kl. 10.55 og voru sestir kl. 11.05. Athöfnin hófst stundvíslega samkvæmt dagskrá kl.
11.10.

Að athöfn lokinni var fylkt liði í sknúðgöngu upp í Hólavallakirkjugarð þar sem Líf Magneudóttir,
forseti borgarstjórnar, lagði blómsveig að leiði Jóns Sigurðssonar og konu hans Ingibjargar
Einarsdóttur.

Gekk undirbúningur og framkvæmd athafnarinna vel að mati skipuleggjenda. Kom reynsla fyrri árs
sér vel en þetta var í annað sinn sem viðburðateymi skrifstofu menningarmála hjá Reykjavíkurborg sá
um þessa athöfn fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.



Hátíðardagskrá í Hljómskálagarðinum

Samstarfshópur um fjölskylduskemmtun í Hljómskálagarðinum á 17. júní skipaði:

Formaður stjórnar

Björg Jónsdóttir, verkefnastjóri viðburða á Skrifstofu menningarmála

2 Skrifstofa menningarmála | Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11 | 101 Rvk | 17juni@reykjavik.is

Aðrir stjórnarmenn

Sæunn Unnsteinsdóttir, verkefnastjóri miðborgarmála

Hulda Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi á Skrifstofu borgarstjóra

Jón Andri Helgason, Skátasambandi Reykjavíkur

Ágústa Rós Árnadóttir, verkefnastjóri á Borgarsögusafni Reykjavíkur

Ingvar Sverrisson, formaður ÍBR

Verkefnisstjórar:

Guðmundur Birgir Halldórsson, verkefnastjóri viðburða á Skrifstofu menningarmála

Aðalheiður Santos Sveinsdóttir, viðburðafulltrúi á Skrifstofu menningarmála

Ákveðið var að halda áfram að einskorða hátíðarhöldin við Hljómskálagarðinn og hafa alla dagskrá þar, fyrir utan Harmonikkuball í Ráðhúsinu. Fallið var frá því að auglýsa eftir skemmtiatriðum í fjölmiðlum og minnka þar með það hlutfall fjármagns sem færi í minni atriði, þar sem fjármagnið var minna en áður

Nefndin vann dagskrána með tvær spurningar að leiðarljósi; hvað hægt væri að gera til að endurvekja gömlu 17. júní stemninguna annars vegar og hins vegar hvað það væri sem gerir 17. júní hátíðina frábrugðna öðrum hátíðum.

Niðurstaðan sem unnið var eftir var að leggja áherslu á að þetta er Þjóðhátíðardagurinn okkar og nauðsynlegt að móta Þjóðhátíðarstemningu í samræmi við það, með fánum og öðru þjóðlegu. Eins voru allir sammála um að skróðgöngur einkenndu sérlega hátíðarhöldin hér áður fyrr og var því ákveðið að leggja áherslu á skróðgönguna bæði í dagskrá og í kynningarmálum og að þróa þessa vinnu í amk þrjú ár.

Aðgerðir:

Saga Garðarsdóttir var ráðin „talsmaður“ skróðgangna á 17. júní og fékk hún til liðs við sig Jóhann Kristófer Stefánsson til að koma með hugmyndir af skemmtilegum stuttum myndböndum um mikilvægi skróðgangna og þátttöku í þeim. Silja Yraola, starfsmaður upplýsingadeildar Ráðhússins var fengin til samstarfs og framleidd voru 3 myndbönd sem birt voru á samfélagsmiðlum til að hvetja fólk til þátttöku í skróðgöngunni frá Laugavegi, en ákveðið var að þessu sinni að einblína á hana þrátt fyrir að skróðganga hafi einnig farið frá Hagatorgi.

Bætt var í „karnival“ stemminguna í skróðgöngunni. Haldið var í fasta liði, skátarnir og lúðrasveit leiddu skróðgönguna með aðstoð frá Götuleikhúsi Hins hússins og Gogo Starr var sérleg karnival fjallkona. Hestar, Heimilistónar og Stuðmenn voru í göngunni, og Margrét Erla Maack og Diva Hollywood (götulistamaður) gáfu göngunni skemmtilegan blæ. Skemmst er frá því að segja að skróðgangan tókst

mjög vel og er það mat manna að það sé langt síðan að jafnt margt hafi verið í skrudgöngunni sem fór niður Laugavegin og endaði í Hljómskálagarðinum. Áætlað er að bæta enn í á næsta ári.

Hlið var reist inní Hljómskálagarðinn sem hafði það hlutverk að marka hátíðarsvæðið og bjóða fólk velkomið inn. Hægt er nota hliðið aftur á næsta ári. Sterkasti maður Íslands stóð fyrir sinni árlegu keppni í garðinum, Víkingafélagið Viðförull, Brúðubíllinn og Sirkus Íslands skemmtu fólki. Einnig var bætt í götulistastemninguna í garðinum, fengnir voru fleiri listamenn til að koma sér fyrir á víð og dreif svo að gestir yrðu fyrir óvæntum upplifunum, sbr Blaðrarinn og Diva Hollywood ofl. Öll leiktæki í garðinum voru fólki að kostnaðarlausu.

Stórtónleikar voru haldnir á stóru sviði, og reynt var að höfða til allrar fjölskyldunnar. Þar komu fram-
Stuðmenn, Heimilistónar, Daði Freyr, Ronja Ræningjadóttir (Salka Sól), Ateria, Flóni og Aron Can.
Dansskólar Birnu Björns og Brynju P. skemmtu á milli atriða. Kynnir var Margrét Erla Maack.

Rigningin setti því miður svip sinn á hátíðahöldin eins og oft þetta sumarið. Eins og áður sagði var vel mætt í skrudgönguna og þegar tónleikarnir hófust í Hljómskálagarðinum kl. 14 var hátíðarsvæðið smekkkullt af fólki, en þegar rigningin hófst undir kl. 15:00 fór hátíðagestum að fækka jafnt og þétt þar til yfir lauk, en það rigndi eldi og brennisteini nánast viðstöðulaust fram til kl. 18.00, þegar loks fór að stytta upp. Samt sem áður voru gestir í góðum gír, margir vel gallaðir og létu rigninguna ekki hafa áhrif á sig.

Fjárhagur

Hátíðarhöldin stóðust fjárhagsáætlun í stórum dráttum. Hátíðin er kostuð af Reykjavíkurborg í gengum Menningar- og ferðamálasvið (7.7 mkr) og Forsætisráðuneyti (5,7 mkr). Alls 13.405.855 kr.
Þann 3. september stendur rekstrarhluti fjárhagsáætlunar hátíðarinnar í 13.539.875 kr.

	2018	2017
Fjármögnun MOF	7.700.000	8.200.000
Fjármögnun Ríkið	5.705.855	5.500.000
	<u>13.405.855</u>	<u>13.700.000</u>

Rekstrarliðir

Listamenn, skemmtun	7.915.230	9.205.390
Tæknimál	2.223.468	2.259.327
Markaðsmál, kynning	2.911.506	1.588.031
Annað	489.671	632.229
	<u>13.539.875</u>	<u>13.684.977</u>

-134.020 15.023

Heildarfjármagn sem úthlutað var til viðburða var lækkað á milli ára, 2017 og 2018, fjármagn til flestra viðburða var lækkað.

Minna fjármagni var eytt í skemmtiatriði í á. Ástæðan var að ákveðið að aðeins skildi hafa eitt svið í Hljómskálagarðinum og takmarka fjármagn sem færi í minni atriði á víð og dreif um miðborgina.

Hækkun í markaðsmálum kom til vegna þess að framleiddir voru nýir fánar sem settir voru upp í kringum tjörnina auk þess sem búið var til hátíðarhlið inn í garðinn. Fána og hlið er hægt að nota á næstu árum. Einnig var talsmaður 17. júní ráðinn og framleidd voru stutt hvatningarmyndbönd. Er þetta hluti af kynningum á 17. júní sem ætlað er að notast við næstu tvö árin.

Kynningarmál

Notað var sama útlit og hannað var fyrir hátíðina í fyrra í öllu kynningaefni.

Eins og fyrr hefur komið fram var lögð áhersla á að hvetja fólk til að mæta í 17. júní skruðgönguna sem fór frá Laugavegi vestur í Hljómskálagarð. Búin voru til skemmtileg hvatningarmyndbönd sem birt voru á samfélagsmiðlum. Þau birtust á Facebook síðum 17. júní og Reykjavíkurborgar, og á Instagram og Twitter reikningum Reykjavíkurborgar. Greitt var fyrir birtingar á Facebook bæði „boostað“ og búin til „dark póstur“. Reyndist þetta vel og náðu myndböndin til tæplega 30.000 manns á Facebook. Mjög mikil aukning var á heimsóknnum á facebook síðu 17. júní í aðdraganda hátíðarhaldanna og varð 30% aukning á fylgjendum.

Heimasíðan 17juni.is er aðallega notuð til að vekja athygli á dagskránni og er vísað í hana í öllum kynningarefni varðandi hátíðina.

Veggspjöld voru prentuð sem sett voru í borgarstanda víðsvegar um borgina.

Birtar voru tvær auglýsingar í dagblöðum. Ein heilsíðu auglýsing birtist í helgarblaði Mannlifs og ¼ síðu í Morgunblaðinu þann 17. júní.

Upplýsingafulltrúi Ráðhússins, Hulda Gunnarsdóttir, sendi út þrjár fréttatilkynningar til að vekja athygli á hátíðarhöldunum.

Skipuleggjendur fóru í viðtöl á Vísi, Stundinni, Mbl ofl. og Saga Garðars fór í viðtal á Rás 2.

Auglýst var í samlesnum auglýsingatímum á Rás 2 og Rás 1.

RÚV birti auglýsingu í auglýsingatímum 15. og 16. júní án greiðslu, sem hluti af samstarfi borgarinnar við RÚV og KSÍ í tengslum við HM karla.

Mikla athygli vakti er fram kom að dragdrottningin Gogo Starr yrði sérleg fjallkona í skruðgöngu á 17. júní. Voru margir sem töldu að hún yrði fjallkonan við morgunathöfnina. Fór töluverður tími bæði hjá skipuleggjendum 17. júní sem og upplýsingateymi Ráðhússins að leiðrétta þetta. Fór þetta allt fram á jákvæðum nótum og kom þessi athygli okkur til góða.

Öryggis- og aðgengismál

Gott samstarf við öryggisaðila er lykilþáttur í undirbúningi hvernar hátíðar. Unnið var að útfærslu götulokana í samstarfi við lögreglu, slökkvilið og fleiri aðila til að tryggja að allt gangi vel fyrir sig. Götulokanir giltu frá klukkan 7.00 um morguninn til klukkan 19.00. Þær náðu yfir minna svæði en mörg undanfarin ár þar sem að hátíðasvæðið er afmarkaðra. Slökkvilið var með aðgerðamiðstöð við Hljómskálagarðinn og þá var fenginn hópur frá Rauða krossinum til að sjá um fyrstu hjálp og aðstoða ef börn týndust.



Til umhugsunar fyrir næsta ár.

- Betri hljóðgæði á Austurvelli á næsta ári til að koma í veg fyrir „vindhljóð“ úr hljóðnemum.
- Það mælist afar vel fyrir að bjóða fólki í þjóðbúningum að sitja við hátíðarathöfnina og mælum við með því að það verði gert aftur.
- Mjög mikilvægt er að ítreka allar tímasetningar, þ.e. að tryggja að þjóðbúningagestir séu mættir á Austurvöll áður en messu líkur í Dómkirkjunni. Gekk vel mjög vel í ár.
- Mun fallegra er að hafa gestina á stéttinni og sleppa því að hafa tjald yfir þeim. Þ.a.l. var hægt að hleypa almenningi nær. Stefna að því að hafa þetta áfram svona.

- Stefnt er að því að vera með sama hátíðarsvæði á næsta ári, það er Hljómskálagarður. Er þetta liður í viðleitni viðburðateymisins að venja fólk við Hljómskálagarðinn sem helsta viðburðasvæðið í miðborginni.
- Kynna enn betur að frítt er í öll leiktæki í Hljómskálagarðinum.
- Gott er að bæta í dagskrána í Ráðhúsinu, en hafa hana með meiri þjóðlegar áherslur . Ekki bara eitthvað sem fellur til. Halda áfram með harmonikkuballið, jafnvel fá kóra eða sönghópa til að vera með þjóðlegt prógram sem og þjóðdansa og eitthvað slíkt.
- Bæta enn við fána í miðborginni borginni – og þá sér í lagi að skreyta Fríkirkjuveginn enn meira sem einhvers konar undanfari inní garðinn, sbr fána á staurana.
- Útfæra hátíðarhliðið enn betur.
- Bæta enn í götulistamenn
- Skreytingar, mála götuna og mögulega listamenn á Fríkirkjuveginn þegar fólk labbar í átt að hátíðarsvæði.

Reykjavík, 10. júlí 2018

Björg Jónsdóttir

Guðmundur B. Halldórsson

Aðalheiður Santos Sveinsdóttir